

<p><b>44. fundur svæðisráðs norðursvæðis</b> 9. febrúar 2017 (12:30-15:30) Hafnarstræti 93, Akureyri</p>	<p><b>Fundarritari:</b> Jóhanna K. Þórhallsdóttir</p>	
<p><b>Mættir:</b> Óli Halldórsson, formaður Böðvar Pétursson, varaformaður Arnheiður Jóhannsdóttir Grétar Ingvarsson Hjördís Finnbogadóttir Guðmundur Ögmundsson, þjóðgarðsvörður Jóhanna K. Þórhallsdóttir, þjóðgarðsvörður</p>	<p><b>Fjarverandi:</b> Ásvaldur Ævar Þormóðsson</p>	<p><b>Aðrir fundargestir:</b> Þórður H. Ólafsson, framkvæmdastjóri VJP Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri VJP</p>

### Dagskrá fundar:

1. Fundur settur og dagskrá samþykkt
2. Rekstraráætlun 2017
3. Virkjun Svartá við Vaðöldu – staða málsins
4. Ástjórn – afstaða svæðisráðs til skipulagshugmynda
5. Starfsaðstaða Vatnajökulsþjóðgarðs í Mývatnssveit
6. Af vettvangi stjórnar – yfirlit formanns svæðisráðs
7. Kjördæmavika þingmanna
8. Önnur mál

### 1. Fundur settur og dagskrá samþykkt

Dagskrá var samþykkt án breytinga.

### 2. Rekstraráætlun 2017

Framkvæmdastjóri og fjármálastjóri kynntu rekstraráætlun ársins 2017. Rekstrarfé Vatnajökulsþjóðgarðs á fjárlögum 2017 nemur 349 milljónum króna. Það samsvarar um 10 m króna lækkun miðað við fyrra ár og er ekki tekið tillit til verðlagsþróunar. Stofnanir eru almennt ekki að verða fyrir slíkum niðurskurði í ár. Þórður og Valbjörn lögðu fram drög að rekstraráætlun. Í framlögðum drögum að rekstraráætlun er gert ráð fyrir verulegri hækkun sértekna til að geta staðið straum af rekstrarkostnaði. Hjá Umhverfissráðuneyti liggur fyrir umsókn um aukna landvörslu og gert ráð fyrir að hluti þeirra fjármuna muni renna til landvörslu á norðursvæði. Framkvæmdafé þjóðgarðsins 2017 nemur 317,5 m. Í þeirri upphæð er upphafskostnaður við nýja gestastofu á Kirkjubæjarklaustri. Framkvæmdir á norðursvæði eru salernisaðstaða við Dettifoss vestan ár og göngustígur við bílastæðið, sem og þurrsalernisaðstaða við Vikraborgir. Umsókn liggur fyrir hjá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða um þjónustuhús við Vikraborgir.

Guðmundur lagði fram tölur um gestafjölda á norðursvæði. Fjölgun á milli ára nemur 39% í Ásbyrgi og 26% við Dettifoss vestan ár. Vestan ár var gestafjöldi árið 2016 um 250 þúsund manns og hefur þar með tvöfaldast á tveimur árum. Hlutfallsleg aukning er mest á jaðartímum og sem dæmi komu um 16 þúsund manns að Dettifossi vestanverðum í október síðastliðnum. Árið á undan voru þeir um 7.500.

Hugmyndir ræddar um rekstrarliði og hagræðingarmöguleika í rekstri. Til að mynda í rekstri bíla og akstri, aukna meðvitund starfsfólks um orkunotkun, mögulega breytt form á eignarhaldi fasteigna og kjaramál landvarða. Einnig kosti og galla mögulegrar gjaldtöku vegna lóðaleigu á fasteignum innan þjóðgarðs. Þjóðgarðsverðir norðursvæðis og

svæðisráð telja samstarf við ferðafélög þjóna rekstrarlegum hagsmunum þjóðgarðsins sem og hagsmunum náttúruverndar.

Rætt um aukna möguleika til sértekna. Fyrir liggur á næstunni að hafin verður gjaldtaka á bílastæðum í Skaftafelli. Svæðisráð norðursvæðis telur brýnt að mörkuð verði stefna þjóðgarðsins í heild um gjaldtöku en ekki farið af stað í einstök gjaldtökuverkefni án þess að umræða hafi átt sér stað á svæðunum. Svæðisráð óskar einnig eftir að skýrar upplýsingar komi frá stjórnvöldum um það hvort stefnan sé að dregið verði úr framlögum til Vatnajökulsþjóðgarðs en honum í staðinn gert að skila auknum sértekjum með gjaldtöku á næstu árum. Í ljósi mikillar fjölgunar ferðamanna á síðasta ári og fyrirséðs áframhalds á henni telur svæðisráð afar brýnt að þjónusta og landvarsla á norðursvæði verði ekki skert. Þannig verði tryggðir auknir fjármunir til landvörslu, t.a.m. við Dettifoss, þar sem land liggur undir skemmdum vegna mikils álags. Þá er mjög brýnt í ljósi þessara aðstæðna að fjármunir verði nægir til heilsársopnunar Gljúfrastofu, sem nauðsynlegt er til að halda uppi öryggis- og þjónustustigi þjóðgarðsins.

Þjóðgarðsvörðum, fjármálastjóra og framkvæmdastjóra falið að vinna drögin áfram og skila endanlegri áætlun sem fyrst. Þar óskar svæðisráð að til samanburðar við rekstrartölur rekstrarsvæðanna fjögurra, verði birtar tölur um rekstur aðalskrifstofu.

### **3. Virkjun Svartár við Vaðöldu – staða málsins**

Beðið eftir lögfræðiáliti varðandi stöðu slíkrar framkvæmdar gagnvart lögum og ákvæðum stjórnunar- og verndaráætlunar.

### **4. Ástjórn – afstaða svæðisráðs til skipulagshugmynda**

Svæðisráð er ekki mótfallið núverandi rekstri, en vill fara varlega í uppbyggingu mannvirkja og aukið byggingamagn. Þjóðgarðsverði falið að vinna áfram að málinu.

### **5. Starfsaðstaða Vatnajökulsþjóðgarðs í Mývatnssveit**

Skútustaðahreppur hefur boðið Vatnajökulsþjóðgarði að leigja starfsaðstöðu í nýrri aðstöðu við hreppsskrifstofunar. Aðstaðan er hugsuð sem vísir að nýju þekkingarsetri sem unnið hefur verið að um árabil.

*(Þórður og Valbjörn viku af fundi áður en þessi umræða kláraðist.)*

Svæðisráð tekur jákvætt í erindið og leggur áherslu á að starfsmenn hefji þegar viðræður við Skútustaðahrepp um aðstöðu fyrir Vatnajökulsþjóðgarð í fyrirhuguðu þekkingarsetri. Takist samningar, verði núverandi húsaleigusamningi sagt upp.

### **6. Af vettvangi stjórnar – yfirlit formanns svæðisráðs**

Formaður fór yfir helstu atriði af vettvangi stjórnar, þar á meðal gjaldtöku, byggingu gestastofu á Kirkjubæjarklaustri, vinnulag við fjárhagsáætlanagerð og endurskoðun stjórnunar- og verndaráætlunar.

**7. Kjördæmavika.** Í komandi kjördæmaviku þingmanna eru fulltrúar sveitarfélaga í svæðisráði hvattir til að koma á framfæri aukinni fjárþörf til rekstrar Vatnajökulsþjóðgarðs, í samræmi við umræður undir lið 1.

### **8. Önnur mál**

Engin önnur mál voru á dagskrá.

*Fleira ekki gert og fundið slitið 15:30*